

**Sp.**

**169. Tillaga til þingsályktunar**

[105. mál]

um lánveitingar vegna landþurrkunar.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ingvar Gíslason, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að lána vélasjóði ríkisins allt að 3 milljónum króna vaxtalaust til að endurlána búnaðarfélögum, ræktunarsamböndum og ræktunarfélögum, sem hug hafa á því að hefja skipulagða framræslu á félagssvæðum sínum.

**Greinargerð.**

Á undanförnum árum hefur bændastétt landsins unnið stórvirki í því að ræsa fram land til túnræktar og beitiræktar. Mýrlendin eru geysiviðáttumikil, en ekki að sama skapi drjúg til eftirtekju, á meðan þau eru óræst. Með þurrkun votlendisins má margfalda gildi þess til fóðurframleiðslu, þótt eigi komi annað til en þurrkunin ein.

Landþurrkun til ræktunar á undanförnum árum hefur skert stærð beitilandsins, og hin stöðuga fjölgun búpenings, sem í högum gengur, þrengir að með ári hverju, og þarf því að bæta gróðurfar þess landrýmis, sem fyrir hendi er.

Tvær leiðir er hægt að fara samtímis til þess að ná því marki, þ. e.: a) Aukning gróðursins á afréttum með áburði og ísáningu eða þessu hvoru tveggja, eftir því sem hagkvæmast er á hverjum stað. b) Þurrkun votlendisins í byggð til beitar fyrir búpeninginn að vetri, vori og framan af sumri og svo að hausti, þegar fé er ekki á afrétti. Þessi tvö atriði — að auka gróður í afréttum og þurrka heimalönd — eru það samtvinnuð, að ekki er hyggilegt að sinna öðru verkefninu, en láta hitt sitja á hakanum, ef nýta á landið með hagstæðan búrekstur fyrir augum.

Þurrkun lands hefur dregið mjög saman hin síðari ár, og á þessu ári er hún talin vera um 65% af því, sem hún var árið 1958, og hefði fallið niður í um 45%, ef ekki hefði komið til sérstök aðstoð með rekstrarfjárlánum, sem vélasjóður ríkisins þrátt fyrir takmörkuð fjárráð gat veitt, svo að fyrirhugaðar framkvæmdir þurftu ekki að falla niður.

Allt útlit er fyrir, að um áframhaldandi samdrátt á framræslu verði að ræða, en koma þarf í veg fyrir, að svo verði. Ákjósanlegast er, að land nái að standa framræst minnst 5 ár, áður en það er brotið til ræktunar, svo að samdrátturinn getur, þegar fram í sækir, valdið allt að 5 ára stöðnun í ræktun, þar sem ekki er um annað land að ræða til ræktunar en mýrlendi.

Með lánum þeim, sem veitt yrðu samkvæmt þingsályktun þessari — ef samþykkt verður — má án efa örva framræsluna mikið. Skortur á peningum, sem bændur þurfa að hafa handbæra til þessara framkvæmda, þar til þeir fá framlög ríkisins eða ræktunarsjóðslán, hindrar, að þeir geti ráðizt í þessar nauðsynlegu framkvæmdir.

Á fjárlögum yfirstandandi árs munu sparast um 1.7 millj. kr. á liðnum: til framræslu, og á frumvarpi því til fjárlaga fyrir árið 1962, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru áætlaðar 12 millj. kr. til framræslu, en útgjöld ríkissjóðs á því ári vegna framkvæmda ársins 1961 munu vart fara yfir 9 millj. kr., eða verða 3 millj. kr. lægri upphæð en frumvarpið gerir ráð fyrir, og er það vegna samdráttar í framkvæmdum. Því fé, sem þannig mun sparast ríkissjóði, teljum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu bezt varið á þann hátt að lána það til stutts tíma til landþurrkunarframkvæmda, svo að ekki verði alger stöðvun á því sviði.